

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Stöðvarhreppi árið 1996.

1. gr.

Hreppsnefnd Stöðvarhrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1996 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphreinsunargjald	4.000 kr. á hvert ílát.
Sorpeyðingargjald	3.000 kr. á hvert ílát.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Stöðvarhrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda fyrir árið 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 25. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Hornafirði fyrir árið 1996.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hunda í lögsagnarumdæmi Hafnar, sbr. c-lið 2. gr. samþykktar nr. 382/1995 um hundahald á Hornafirði er kr. 5.000 fyrir árið 1996, gjald fyrir annan hund í eigu sama einstaklingsins er kr. 2.500.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. júlí 1996.

2. gr.

Handsömunargjald sbr. 6. gr. framangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hornafjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að gilda á árinu 1996.

Umhverfissráðuneytinu, 29. janúar 1996.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.